



Forsætisnefnd

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um greiðslur til varamanna.

Á fundi forsætisnefndar 11. nóvember sl. lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Flokkur fólksins óskar upplýsinga um hvernig greiðslum og greiðslufyrirkomulagi er háttað fyrir fulltrúa flokka sem ekki eru kjörnir fulltrúar en taka sæti á fundum ráða eða nefnda í forföllum kjörinna fulltrúa. Hver er upphæðin fyrir setu á fundum og hvað tekur langan tíma að fá þær greiddar? Hvernig er greiðsla reiknuð út ef viðkomandi situr hluta af fundi?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjórnar.

Í 32. gr. sveitarstjórnarlaga er fjallað um rétt sveitarstjórnarmanna til þóknunar o.fl. Í 2. mgr. kemur fram að sveitarstjórn er heimilt að setja nánari reglur um réttindi sveitarstjórnarmanna samkvæmt þessari grein, svo sem varðandi lífeyrissjóði, fæðingarorlof og biðlaun. Það hefur Reykjavíkurborg gert og í gildi er samþykkt um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg frá 2. september 2022. Hún kom í stað eldri samþykktar frá 15. júní 2006 m.s.br. Í samþykktinni er að finna allar upplýsingar um greiðslur og greiðslufyrirkomulag til allra kjörinna fulltrúa.

Í IV. kafla samþykktarinnar er fjallað um þóknun fyrir störf annarra kjörinna fulltrúa en borgarfulltrúa og fyrstu varamanna framboðslista. Þar kemur fram að kjörnir fulltrúar í fastanefndum Reykjavíkurborgar, aðrir en borgarfulltrúar og fyrstu varamenn framboðslista, fá greidda mánaðarlega þóknun fyrir störf sín. Greitt er sérstaklega fyrir setu í hverri fastanefnd. Formenn fastanefnda fá greidda tvöfalda þóknun fyrir setu í viðkomandi nefnd en kjörnum fulltrúum eru greidd full laun á meðan fundahléi nefnda og ráða á sumrin stendur.

Fyrir setu í öðrum nefndum en þeim fastanefndum sem tilgreindar eru í samþykktinni, fá kjörnir fulltrúar greidda þóknun að fjárhæð kr. 23.119,- pr. fund (óháð því hversu lengi fundur stendur) en fjárhæðin uppfærast í janúar og júlí ár hvert miðað við þróun launavísitölu. Formenn fá greidda tvöfalda þóknun.

Launatímabil Reykjavíkurborgar miðast við 10. hvers mánaðar og eru launayfirlit vegna fundasetu send launadeild á þeim tíma. Greiðsla vegna setu funda sem eiga sér stað eftir 10. hvers mánaðar kemur því til greiðslu þar næstu mánaðamót.

Virðingarfyllst,
Helga Björk Laxdal
Skrifstofustjóri borgarstjórnar